

**140** **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skagafjarðar-  
sýslu, um flutning þingstaðar.**

24/9 '52

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 17. þ. m., og ósk hreppsnefndar Skarðshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Sauðárkróki að Innstalandi á Reykjaströnd, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**141** **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu,  
um flutning þingstaðar.**

6. marz

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 27. f. m., og ósk hreppsnefndar Öngulsstaðahrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Þverá í barnaskólahúsið á Syðra-Laugalandi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**142** **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og  
Kjósarsýslu, um flutning þingstaðar.**

15. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 11. þ. m., og ósk hreppsnefndar Mosfellshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Brúarlandi að Hlégarði í Mosfellshreppi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**143** **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu,  
um flutning þingstaðar.**

16. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 18. maí s. l., og ósk hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Flæðareyri við Leirufjörð að Sætúni í Grunnavík, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.